

Starfsáætlun 2015

Inngangur

Stjórnkerfis og lýðræðisráð ásamt erindreka gagnsæis og samráðs ber, samkvæmt samþykkt stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og á áætlunin að endurspegla árherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 2. september 2014. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð eða borgarstjóri kunna að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar

Fulltrúar í stjórnkerfis- og lýðræðisráði kosnir 16. júní 2014

AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir

Hilmar Sigurðsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Hildur Sverrisdóttir

Björn Gíslason

Stefán Þór Björnsson

VARAFULLTRÚAR

Viktor Orri Valgarðsson

Kári Sævarsson

Stefán Rafn Sigurbjörnsson

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir

Kjartan Magnússon


Áslaug María Friðriksdóttir

Guðjón Ebba Guðjónsson

Helstu verkefni

Stjórnerkis- og lýðræðisráð fer með það verkefni að yfirfara stjórnerkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnerkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnerkis- og lýðræðisráð með það verkefni að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stjórnerkis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnerkisbreytinga.
- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnerkerfinu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu íbúalýðræðis og aukið samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um aukið gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu hverfaráða og hverfajónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um átök í rafrænni þjónustu við borgarbúa.



Erindreki gagnsæis og samráðs

Erindreki gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vinnur með stjórnerkis- og lýðræðisráði að verkefnum þess. Hann ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins.

Markmið og aðgerðir 2015

Helstu markmið og aðgerðir stjórnkerfis- og lýðræðisráðs má sjá hér í töflunni.

Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

FLOKKAR VERKEFNA

- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Flokkur	Markmið	Aðgerð
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Endurskoðun á framkvæmd Betri Reykjavíkur og Betri hverfa. Gerð verði stjórnsluúttekt á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi. Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála sjái um úttektina. Að því loknu verði mótuð ný stefna um framkvæmd þessara tveggja verkefna.
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Framkvæmd á verkefninu Betri Reykjavík á árinu 2015. Viðvarandi verkefni á árinu 2015.
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Undirbúningur að framkvæmd hverfakosningarinnar Betri hverfa 2016. Framkvæmd verkefnisins ræðst þó af nýrri stefnu borgarinnar um framkvæmd Betri Reykjavíkur og Betri hverfa.
G	Skýr stefna borgarinnar í upplýsingamálum með gagnsæi í forgrunni	Endurskoðun upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar. Núgildandi stefna borgarinnar er frá árinu 2000 og því kominn tími á endurskoðun. Haft verður samráð við almenning við mótun stefnunnar og hún verður til umfjöllunar á opnum fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.
G	Aukið gagnsæi	Opnun rafrænnar gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar. Opnað verður á hrágögn á opingogn.is með samskonar hætti og opin fjárhagsgögn ríkisins. Myndaður verður rammi, verklag og skilmálar fyrir opnun á frekari gögnum með sama hætti.
G	Aukið gagnsæi	Tekin verði í notkun ný og skýr framsetning á fjárhagsupplýsingum borgarinnar með Qlik View hugbúnaði.
S	Stjórnkerfisbreytingar séu markvissar og til einföldunar	Starfshópur skilar áætlun um innleiðingu og kostnað. Mótuð verði stefna í úttektum á stjórnkerfisbreytingum borgarinnar. Stefnan segi til um hvenær og hvernig eigi að meta breytingar sem gerðar eru á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að til verði vitneskja um áhrif stjórnkerfisbreytinga sem svo nýtist markvisst við aðrar stjórnkerfisbreytingar.

L	Auka samráð	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð haldi a.m.k. tvo opna fundi árlega.
G	Aukið gagnsæi	Mótaðar verði starfsreglur Reykjavíkurborgar um meðferð persónuupplýsinga. Til þess að einfalda aukið aðgengi að upplýsingum borgarinnar, m.a. með útgáfu hrágagna, þurfa leikreglur varðandi persónuupplýsingar að vera skýrar. Starfsreglurnar verði unnar með aðkomu borgarlögmanns og upplýsinga- og vefdeild. Starfsreglurnar verði sendar Persónuvernd sem veitir ábyrgðaraðilum leiðsögn við gerð slíkra reglna.
S, L	Skýrt stjórnkerfi, aukið íbúalýðræði og samráð	Mótaðar verði tillögur til borgarráðs um aukið og skýrara hlutverk hverfisráða innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.
G	Aukið gagnsæi	Nýtt fundakerfi fyrir nefndir og ráð borgarinnar verði prófað og þróað í samstarfi við vef- og upplýsingadeild. Markmiðið er að fundargerðir og fundargögn verði aðgengileg, m.a. almenningi, með því kerfi.
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Mótuð verði samþykkt um framkvæmd íbúakosninga með vísan í sveitarstjórnarlög.